



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls), þskj. 334, 238.mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að fella niður þá takmörkun sem nú er að finna í 1. mgr. 10. gr. barnalaga um að faðir geti ekki verið stefnandi í faðernismáli nema barn sé ófeðrað.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur hana í fullu samræmi við það markmið að barn fái að þekkja báða foreldra sína. Ákvæði um slíkt er að finna í 7. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem segir m.a. að aðildarríkin eigi að tryggja eftir því sem unnt er rétt barns til að þekkja báða foreldra sína. Í 8.gr. segir enn fremur að aðildarríki skuldbindi sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með talið ríkisfangi sínu, nafni og fjölskyldutengslum. Þar segir enn fremur að tryggja skuli að börn verði ekki aðskilin frá foreldrum sínum nema ef velferð þeirra verði ekki tryggð með öðru móti og að það barn sem ekki elst upp hjá báðum foreldrum sínum eigi rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess. Má í raun segja að barn sem ekki þekkir raunverulega foreldra sína tapi að einhverju leyti þeim rétti sem aðildarríkjum ber að tryggja skv. 8. gr. sáttmálans. Í sáttmálanum er og kveðið á um að ávallt skuli hafa það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi við ákvarðanir sem þau varða. Loks skal á það bent að sáttmálinn kveður einnig á um að tekið sé mið af vilja og óska barna við allar ákvarðanir um forsjá og umgengni, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

framkvæmdastjóri